

Fimmtudaginn 19. janúar 1989.

Nr. 221/1987. **Finnur Sigurbjörnsson**
Guðmundur Svavarsson og
Steinþór Sigurbjörnsson persónulega og
fyrir hönd Kögurvíkur sf.

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
 gegn

Hermann B. Haraldssyni
 (Þórólfur Kr. Beck hrl.)

Kaupsamningur. Útivist í héraði. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og þess, að hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir verði felldar niður. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir bæjarþingi og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Í greinargerð fyrir Hæstarétti krafðist hann staðfestingar tveggja fjárnámsgerða, sem áfrýjað hafði verið. Við munnlegan flutning málsins féll hann frá kröfu sinni um staðfestingu fjárnáms 10. apríl 1987 í fógeta-réttarmáli í Skagafjarðarsýslu nr. A-14/1987, sem gert var í hluta Kárastígs 5 á Hofsósi og bifreiðinni K-1487, en ítrekaði kröfu um staðfestingu fjárnáms í hluta Sætúns 11, Hofsósi, og bifreiðinni K-2135 (mál nr. A 13/1987). Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og segir í héraðsdómi varð útivist af hálfu áfrýjenda eftir að þar hafði verið lögð fram af þeirra hálfu greinargerð og ýmis skjöl. Verður málið dæmt í Hæstarétti eins og það lá fyrir héraðs-dómara, en þó verður viðurkenning áfrýjenda á hluta af kröfum stefnda, sem fram kom fyrir Hæstarétti, lögð til grundvallar.

Í stefnu og greinargerð á bæjarþingi sundurliðaði stefnandi (stefndi fyrir Hæstarétti) kröfur sínar í 5 liðum. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi viðurkennt tvo kröfuliðanna, alls að fjárhæð

49.325,40 krónur. Eru þessir liðir teknir saman í 1. lið í hinum áfrýj-aða dómi. Ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda kröfu hans að þessu leyti með vöxtum eins og síðar segir.

Stefndi í Hæstarétti krefur áfrýjendur þessu næst um 9.876,29 krónur sem hann segir að hafi verið hluti af inneign sinni í Stofn-fjársjóði fiskiskipa, en hafi ranglega runnið til áfrýjenda. Gögn þau, sem lögð voru fyrir bæjarþingið þessu til stuðnings, eru reikn-ingsyfirlit sjóðsins og kvittun fyrir því, að hann hafi greitt inn á bankareikning Hermanns Haraldssonar þá upphæð, sem eftir reikn-ingsyfirlitinu er inneign Hermanns hjá sjóðnum í árslok 1981 áður en vextir fyrir það ár voru reiknaðir. Heldur stefndi því fram, að vextir frá árinu 1981, sem eftir reikningsyfirlitinu námu 9.875,55 krónum, hafi ekki verið greiddir til sín. Fram er komið, að lögmaður hafði áður en til dómsmáls var stofnað kafið áfrýjendur um þessa upphæð, en skjöl málsins bera ekki með sér, að sérstök mótmæli hafi komið fram vegna kröfunnar. Ber að dæma áfrýjendur til að greiða hana með vöxtum eins og síðar segir.

Þá krefur stefndi áfrýjendur um endurgreiðslu á afborgun af láni, sem hann kveðst hafa greitt fyrir þá af misskilningi. Styður hann kröfuna með því að leggja fram tvær kvittanir fyrir greiðslum 7. júní 1982 til Landsbanka Íslands á Selfossi, samtals 30.971,40 krónur vegna afborgana og vaxta. Eftir skjölum málsins virðast afborganir af höfuðstól þessarar skuldar endurgreiddar með hluta kröfu sem stefndi hefur viðurkennt og getið er hér áður. Er því um að ræða kröfulið, sem er vanreifaður og ber að vísa frá héraðs-dómi.

Loks hefur stefndi kafið áfrýjendur um 45.141,20 krónur, sem hann kveðst hafa greitt vegna mistaka en verið hafi afborgun af láni á 7. veðrétti, sem áfrýjendur hafi eftir kaupsamningi aðila átt að borga. Bendir hann þessu til stuðnings á kvittun frá Landsbanka Íslands á Eskifirði frá 25. maí 1982. Það sem þar segir um upphaf-lega fjárhæð skuldarinnar og útgáfudag skuldabréfs er ekki í sam-ræmi við það, sem í kaupsamningi segir um skuld, sem tryggð er með 7. veðrétti í hinum selda bát. Er því um að ræða kröfulið, sem er vanreifaður og ber að vísa frá héraðsdómi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að vísa tveimur af 5 kröfuliðum, sem fram komu í héraði, frá héraðsdómi, en

dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 59.201,69 krónur með vöxtum.

Um vexti er þessa að geta: Lögskipti aðila og kröfur stefnda fyrir málshöfðun voru með þeim hætti, að ekki er unnt að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda vexti fyrr en frá þingfestingardegi 17. desember 1985. Frá 14. apríl 1987, en þá tóku vaxtalög nr. 25/1987 gildi, verða dæmdir ársvextir, en ekki mánaðarvextir, sbr. 10. gr. 1. mgr. laganna og III. kafla bráðabirgðalaga nr. 83/1988. Kröfu um vaxtavexti ber að taka til greina. Samkvæmt þessu verða vextir eins og segir í dómsorði.

Kröfu stefnda um staðfestingu fjárnáms eins og hún er nú orðin ber að taka til greina.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Framangreindum kröfum stefnda er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Finnur Sigurbjörnsson, Guðmundur Svavarsson og Steinþór Sigurbjörnsson persónulega og fyrir Kögurvík sf., greiði óskipt stefnda, Hermann B. Haraldssyni, 59.201,69 krónur með 3,75% mánaðarvöxtum frá 17. desember 1985 til 1. mars 1986, 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan með ársvöxtum, sem eru dráttarvextir eftir 3. kafla laga nr. 25/1987, sbr. bráðabirgðalög nr. 83/1988, til greiðsludags. Höfuðstólsfæra skal vexti 17. desember 1986 og síðan árlega þann dag.

Staðfest er fjárnám 10. apríl 1987 í hluta Sætúns 11 á Hofsi og í bifreiðinni K-2135.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 75.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 10. nóvember, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 16864/1985: Hermann B. Haraldsson gegn Kögurvík sf., Finni Sigurbjörnssyni, Guðmundi Svavarssyni og Steinþóri Sigurbjörnssyni á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hermann B. Haraldsson, 4048-4949, Grímsstöðum, Akureyri, höfðað fyrir dóminum 17. desember 1985 á hendur Kögurvík sf., 5977-4239, Hofsósi, Finni Sigurbjörnssyni, 2339-9857, sjómanni, Sætúni 11, Hofsósi, Guðmundi Svavarssyni, 3109-2663, skipstjóra, Hjarðartúni 3, Ólafsvík, og Steinþóri Sigurbjörnssyni, 8508-1047, Kárástíg 5, Hofsósi, „f.h. Kögurvíkur s.f., svo og öllum persónulega in solidum sem eigendum Kögurvíkur s.f., sem er sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð“, til greiðslu eftirstöðva kaupverðs vélbátsins Flóka SU 18 auk vanskilavaxta, vaxtavaxta og málskostnaðar.

Þann 2. janúar 1982 undirrituðu aðilar kaupsamning og afsal fyrir bátnum, en síðan komu fram talsverðar skekkjur í samningnum stefnanda í óhag. Þar eru ofreiknaðar áhvilandi yfirteknar skuldir sem leiddu til þess að stefnandi fékk lægri greiðslu fyrir bátinn en kaupsamningur gerði ráð fyrir. Þá gleymdist einnig að taka tillit til inneignar stefnanda hjá Stofnfjár-sjóði fiskiskipa sem leiddi til þess að Kögurvík sf. naut góðs af inneigninni en ekki seljandi. Þann 7. maí, 25. maí og 7. júní 1982 greiddi stefnandi vegna mistaka af lánum sem stefndi átti að yfirtaka.

Skuldina má sundurliða þannig:

1. Ofreiknaðar yfirteknar skuldir	kr. 49.325,40
2. Vangoldnir vextir af inneign hjá Stofnfjár-sjóði fiskiskipa	“ 9.876,29
3. Greitt af yfirteknum lánum fyrir mistök	“ 96.112,80
Samtals	kr. 155.314,49

Dómkröfur stefnanda eru:

A. Að stefndu Kögurvík s.f., Finnur, Guðmundur og Steinþór verði dæmdir in solidum til greiðslu á kr. 135.314,29 með 4,5% mánaðarvöxtum af kr. 59.201,69 frá 2/1 1982 til 20/4 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 25/5 s.á., með 4% mánaðarvöxtum af kr. 104.342,89 frá þ.d. til 7/6 s.á., með 4% mánaðarvöxtum af stefnufjárhæðinni kr. 135.314,29 frá þ.d. til 31/10 s.á., með 5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/10 1983, með 4,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/11 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/12 s.á., með 3,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/1 1984, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., með 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/2 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/3 s.á.,

með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/6 s.á., með 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til greiðsludags.

B. Að stefndi Sigurður verði dæmdur til greiðslu á kr. 59.201,69 með 4,5% mánaðarvöxtum frá 2/1 1982 til 20/4 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 31/10 s.á., með 5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/10 1983, með 4,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/11 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/12 s.á., með 3,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20/1 1984, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., með 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/2 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/3 s.á., með 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/6 s.á., með 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1/9 s.á., en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til greiðsludags.

Þá er þess krafist varðandi alla hina stefndu að í dómsorði verði kveðið á um að áfallnir vextir, þ.m.t. vanskilavextir, bætist við þann höfuðstól sem vextir reiknast af á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 2. janúar 1983. Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þann 19. maí '82 seldi Kögurvík sf. Stórhóli sf. bátinn með þeim skilmálum að Stórhóll sf. yfirtæki skuldir við stefnanda samkvæmt kaupsamningnum.

Stefndu krefjast þess aðallega að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda en til vara að þeim verði aðeins gert að greiða óverulegan hluta stefnufjárhæðarinnar. Í báðum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda.

Dómkröfur stefndu virðast byggjast á þeirri skoðun að um aðildarskort sé að ræða, þannig að Stórhóll sf. hafi tekið við skyldum Kögurvíkur sf. gagnvart stefnanda. Styðja stefndu þessa skoðun við viðskipti lögmanna stefnanda við umboðsmenn Stórhóls sf. varðandi skuldaskil.

Í greinargerð er auk þess bent á það að stefndu hafi orðið að greiða Stórhóli sf. vegna galla á kælikerfi aðalvélar bátsins kr. 96.341,05. Þann 22. september 1986 var höfðuð gagnsök út af þessari kröfu af hálfu Kögurvíkur sf. og þess krafist aðallega, að fjárhæðin kr. 96.341,06 auk vaxta og málskostnaðar kæmi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda í aðalsök, en til vara að sjálfstæður dómur yrði kveðinn upp.

Af hálfu aðalstefnanda var kröfunni mótmælt á grundvelli fyrningar, tómlætis, vanreifunar og sönnunarskorts. Að lokum var á það bent af hálfu stefnanda að margir mánuðir hefðu liðið frá afhendingu skipsins og þar til gert var við kælikerfið. Álitur hann að bilunin hafi orðið vegna mistaka vélstjóra á því tímabili.

Þann 6. nóvember sl. varð útivist af hálfu gagnstefnanda, og var þá gagn-

sökin hafin og málið dómtekið. Málið er því dæmt samkvæmt ákvæðum 2. ml. 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936.

Upphaflega stefndi stefnandi skipasala þeim er annaðist miðlun milli aðilanna ásamt stefndu til greiðslu á hluta stefnufjárhæðarinnar, en þann 17. október sl. var fallið frá kröfum á hendur honum.

Við dómstöku málsins var vakin athygli á því af hálfu stefnanda að láðst hefði að gera kröfu í málinu um endurgreiðslu kr. 20.000,00 vegna innborgunar 7. maí 1983 á skuld á 8. veðrétti, og var þess krafist að til þessa yrði tekið tillit í dómi.

Fram hefur komið í málinu að Stórhóll sf. og stefnandi hafa átt samskipti vegna yfirtöku hins fyrrnefnda á skyldum Kögurvíkur sf. samkvæmt kaupsamningi málsaðilja, en ekkert hefur komið fram um að stefnandi hafi með skiptum sínum við Stórhól sf. eða með öðrum hætti leyst stefndu frá skyldum sínum til greiðslu vegna mistaka við gerð kaupsamnings og vegna greiðslna stefnanda á skuldum sem stefndu yfirtöku með samningnum. Ber því að fallast á upphaflegar höfuðstólskröfur stefnanda. Af hálfu stefnanda hefur verið lýst yfir, að gefnu tilefni frá dómaranum, að ef ekki verði talið fært að taka kröfuna til efnisúrlausnar þá verði henni ekki vísað sjálfstætt frá dómi, heldur kveðinn upp efnisdómur án tafar. Ekki verður í þessu máli lagður dómur á þessa viðbótarkröfu, þar sem hún kom ekki fram fyrr en við dómstöku þegar útivist hafði orðið af hálfu hinna stefndu.

Frávísun gagnsakarinnar kemur ekki í veg fyrir að gagnkrafan verði höfð til skuldajafnaðar. Hins vegar er hún mjög vanreifud, og hún kom ekki fram beinlínis sem ástæða fyrir sýknukröfu í greinargerð og verður því ekki tekið tillit til hennar í þessu máli.

Álitaefni er um vaxtakröfu stefnanda, einkum um þann hluta krafnnanna sem stafa af greiðslu hans af yfirteknum skuldum fyrir vangá, vaxtafót og upphafstíma vaxta svo og um vaxtavexti. Af hálfu hinna stefndu hefur ekki verið hreyft sérstökum andmælum við vaxtakröfum og þar sem kröfur þessar eru ekki hærri en sem nemur þeim vanskilavöxtum sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið á vaxtatímabilinu þykir einnig bera að fallast á vaxtakröfurnar, þar á meðal á þann skilning stefnanda að vexti beri að leggja við höguðstól á 12 mánaða fresti. Frá 1. mars 1985 ákveðst vaxtafótur þó eins og greinir í dómorði í samræmi við vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands.

Málkostnaður ákveðst kr. 40.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Finnur Sigurbjörnsson, Guðmundur Svavarsson og Steinþór Sigurbjörnsson greiði persónulega og f.h. Kögurvíkur sf. að óskiptu

Hermanni B. Haraldssyni kr. 135.314,29 með 4,5% mánaðarvöxtum af kr. 59.201,69 frá 2. janúar 1982 til 20. apríl 1982, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 25. maí 1982, af kr. 104.342,89 frá þeim degi til 7. júní 1982, en af kr. 135.314,29 frá þeim degi til 31. október 1982, með 5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 4,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 3,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 20. janúar 1989.

Nr. 5/1989. **Kristmundur Ásmundsson**
 gegn
Ríkisendurskoðun

Kærumál. Ríkisendurskoðun. Þagnarvernd. Læknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Grindavík, kvað upp hinn kærða úrskurð í sakadómi kaupstaðarins, enda segir í 7. gr. 3. mgr. laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun, eins og hún er eftir